



## Launastefna Landgræðslunnar

Landgræðslustjóri ber ábyrgð á launastefnu Landgræðslunnar. Hann ber einnig ábyrgð á jafnlaunastefnu stofnunarinnar og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðsstjóri er tilnefndur fulltrúi stofnunarinnar varðandi jafnlaunakerfi.

Landgræðslan greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð.

1. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af fjölmörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfshæfileikum, stjórnun og verkefnum.
2. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við launauppbyggingu ráðuneytisins, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.
3. Ákvæðanir um launabreytingar eru teknar af landgræðslustjóra og sviðsstjórum viðkomandi sviðs. Landgræðslustjóri, mannauðsstjóri og trúnaðamenn stéttarféлага stofnunarinnar fara yfir laun allra starfsmanna stofnunarinnar árlega eða oftár til að tryggja að samræmis sé gætt í launagreiðslum. Starfsmenn geta fengið viðtal við yfirmann um endurskoðun launa. Telji yfirmaður þörf á endurskoðun að loknum fundi hefur hann samráð við landgræðslustjóra og mannauðsstjóra um framhald málsins.
4. Hjá stofnunni eiga að vera til starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst auk upplýsinga um starfaflokk samkvæmt stofnanasamningi.
5. Launastefnan samræmist mannauðsstefnu Landgræðslunnar.
6. Markmið Landgræðslunnar er að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

*Nóvember 2019*